

Stjórnarfundur 5 þriðjudaginn 7. febrúar 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Steinn Einarsson, Einar Ólafsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Kristín Harpa Hálfánardóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Afboð og mættu ekki:.

Dagskrá

- Ársþing BLÍ
- Strandblakmót
- Genius Sports
- Landsliðsmál
- Starfið framundan
- Önnur mál

Fundargerð

Ársþing BLÍ

- Farið yfir hverjir fara úr stjórn, Hrafnhildur og Árni Jón. Formannskjör verður á þinginu. Ljóst er að Árni Jón mun gefa kost á sér áfram í stjórn BLÍ en ekki Hrafnhildur.
- Sævari falið að útbúa auglýsingu samhliða þingboði um framboð í stjórn BLÍ, formann, 2 stjórnarmenn og 3 í varastjórn.
- Nokkur umræða var um hvað gæti komið fram á þinginu og var minnst sérstaklega á þá umræðu sem er á Facebook um mótafyrirkomulag í úrvalsdeild. Því má alveg búast við nokkrum tillögum að breytingum er snýr að keppnisfyrirkomulagi og eða öðru.

Strandblakmót sumarið 2017

- Farið var yfir umsóknir fyrir strandblakmót sumarsins. Mótaröðin hefur verið í föstum skorðum síðan 2004-5 og er um að ræða 4-5 stigamót auk Íslandsmót.
- Þeir flokkar sem verða í boði í sumar eru fullorðinsflokkur, U19, U17 og U15.
- Sett var niður á dagatal og mótum úthlutað
 - Stigamót 1 dagana 8.-11. júní í Laugardalssundlaug í umsjón Þróttar R. Allir flokkar
 - Stigamót 2 dagana 23.-25. júní í Kjarnaskógi í umsjón KA. Fullorðinsflokkar.
 - Unglingamót Stigamót 2 dagana 24.-25. júní í umsjón BF. U19, U17 og U15 flokkar.
 - Stigamót 3 dagana 1.-2. júlí í umsjón Höfrungur. Allir flokkar.
 - Stigamót 4 dagana 28.-30. júlí í umsjón Hamars í Hveragerði. Allir flokkar
 - Stigamót 5 dagana 4.-6. ágúst í Kjarnaskógi á Akureyri í umsjón KA. Allir flokkar
 - Íslandsmót í strandblaki dagana 11.-13. ágúst í Laugardalslaug í umsjón Þróttar R. Allir flokkar.
- Allir sem sóttu um að halda mót fengu mót. Mótshöldurum verður svarað með svarbréfi og næstu skrefum í mótshaldi.
- Engin nefnd er starfandi fyrir strandblak og er því yfirstjórn hjá stjórn BLÍ og skrifstofunni. Reynt verður að hafa svipaðar verklagsreglur og undanfarin ár í tengslum við stigamót í strandblaki.

Genius Sports

- Umræða var um samning við þetta fyrirtæki sem vill fá réttinn á allri tölfraði í blaki á Íslandi. Upphæð samningsins er ekki ýkja há og stendur vart undir sér ef kaupa ætti fólk til þess að skrá tölfraði í leikjum. Þessi umræða sett til hliðar en Sævari falið að vera í samskiptum við fyrirtækið um það sem rætt var.

Landsliðsmál

- Allt er í föstum skorðum hjá landsliðsnefndinni. Það er beðið eftir verði í allar flugferðir í vor. Nokkuð mikið er um að vera og er ljóst að við förum inn í okkar stærstu verkefni með landsliðunum í vor.

- A landslið kvenna fer í æfingaferð til Ítalíu, spilar æfingaleiki við Danmörk og lið frá bandarískum háskóla 19.-21. maí, fer svo beint til Póllands í 2. umferð HM og þaðan til San Marino á Smáþjóðaleika. Í lok júní fer liðið svo til Luxemborgar í lokakeppni EM SCD.
- A landslið karla er með frekar stífa áætlun. Undirbúningur hefst í lok apríl og byrja strákarnir á móti hér heima, lokakeppni EM SCD 12.-14. maí. Liðið fer svo til Frakklands í 2. umferð HM 23. maí og leikur þar 5 leiki og fara svo beint á Smáþjóðaleikana sem lýkur 3. júní.
- U16 ára lið stúlkna fer til Danmerkur um páskana og leikur þar í 2. umferð EM.
- U17 ára lið drengja fer til Búlgaríu um páskana og leikur þar í 2. umferð EM.

Starfið framundan

- Rætt var um fræðslumál sem talað var um á stjórnarfundum í desember. Daniele hefur verið að smíða námsskrá og er sú áfram í vinnslu í samvinnu við Sævar. Stefnt er á að byrja almennilega þjálfaramenntun seint í sumar eða næsta haust.
- Nokkuð rætt um skrifstofuna hjá BLÍ og þá staðreynd að auka þarf við stöðugildi á skrifstofuna. Rætt var hvort ætti að ráða aðila í afmörkuð verkefni eða í hlutastarf.
- Kristján hefur verið að sinna verkefnastjórn í landsliðsmálum hjá BLÍ í sjálfboðavinnu og mun ekki bjóða fram krafta sína áfram eftir þau verkefni sem eru nú í gangi.

Önnur mál

- ÍSÍ hefur boðað til Íþróttabings 5.-6. maí nk. Það kemur til næstu stjórnar að senda fulltrúa BLÍ á Íþróttabing.
- Fjárhagur. Samningur um þjálfarastuðning FIVB hefur verið undirritaður. Um er að ræða tvær greiðslur á tveimur árum líkt og BLÍ hafði á árunum 2014 og 2015. Virkilega ánægjulegt að tekist hafi að ná öðrum eins samningi og styrkir BLÍ klárlega í að halda í þjálfara landsliðanna.
- Jón Ólafur Valdimarsson, alþjóðlegur dómari í blaki hefur verið settur í 6 mánaða bann frá dómgæslu undir hatti CEV. Nokkur umræða var um málið og það sérstaklega rætt að BLÍ gæti ekki mótmælt refsingunni. Þá mun BLÍ ekki senda Jón Ólaf á Smáþjóðaleikana eins og til stóð í sumar vegna bannsins.
- Iðkendamálgjald. Rætt um að skora á þá aðila sem ekki hafa greitt iðkendamálgjaldið fyrir áramót að greiða það hið fyrsta. Árni Jón og Jason munu semja bréf vegna þessa. Það er mjög mikilvægt að félög geri skil á iðkendamálgjaldinu sem samþykkt var á síðasta ársþingi.
- Í framhaldinu var rætt um aðferð við að skrá fjölda leikmanna í blakmótunum. Árni Jón bar það upp að setja rafræna leikskýrslu í ALLAR deildir. Þannig sjáum við alla iðkendur og getum rúkað eftir því, einhverskonar leyfisgjald.
- Að lokum var rætt um yngriflokkamál og stigatalningu hjá yngstu iðkendunum vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað í samfélaginu. Ákveðið var að YFN myndi setja saman reglur fyrir mótshaldara þar sem reglur ÍSÍ væru hafðar til hliðsjónar.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18.45

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð